



28. október 2021
Tilv.: 2110108

Dreifibréf nr. 63/2021
til greiðsluþjónustuveitanda og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi upplýsingar sem skal veita við umsókn um starfsleyfi og varðandi lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar í tengslum við greiðsluþjónustu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi upplýsingar sem veita skal eftirlitsyfirvöldum þegar sótt er um starfsleyfi sem greiðslustofnun og rafeyrisfyrirtæki og vegna skráningar reikningsupplýsingaþjónustu (EBA/GL/2017/09), sbr. 5. mgr. 5. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 (PSD2 tilskipunin).

Með nýjum lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sem taka gildi 1. nóvember 2021, er PSD2 tilskipunin innleidd hér á landi. Ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar er innleitt í 4. gr. laganna sem fjallar um starfsleyfi, sbr. einnig 18. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013. Þar kemur fram að umsókn skuli vera skrifleg og ítarleg. Í viðmiðunarreglunum er að finna ítarlegt yfirlit yfir upplýsingar sem umsækjendum um starfsleyfi sem greiðslustofnun og rafeyrisfyrirtæki ber að veita Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum, auk umsókna um skráningu samkvæmt greiðsluþjónustulögum.

Viðmiðunarreglurnar skiptast í fjórar viðmiðunarreglur og beinast þær að greiðslustofnunum, rafeyrisfyrirtækjum, reikningsupplýsingaþjónustuveitendum og eftirlitsyfirvöldum. Viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2017/09 eru aðgengilegar [hér](#).

Í viðmiðunarreglum EBA/GL/2017/08 er að finna nánari upplýsingar um útreikning á lágmarks fjárhæð starfsábyrgðartryggingar greiðsluþjónustuveitanda sem veita þjónustu skv. 7. tölul. í viðauka I við PSD2 tilskipunina, sbr. 4. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Viðmiðunarreglunum er beint að eftirlitsyfirvöldum og fela þær í sér nánari útfærslu á 2. og 3. mgr. 5. gr. PSD2 tilskipunarinnar, sbr. 3. og 4. mgr. 12. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021. Í viðmiðunarreglunum koma fram leiðbeiningar um hvernig Fjármálaeftirlitið skal meta lágmarks fjárhæð starfsábyrgðartryggingar sem greiðsluvirkjendur og reikningsupplýsingaþjónustuveitendur þurfa að hafa til að geta geta mætt bótaábyrgð sem stofnast getur til í samræmi við 79., 93., 94. og 96. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021. Viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2017/08 eru aðgengilegar [hér](#).

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlitið beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér viðmiðunarreglur EBA/GL/2017/09 og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá 1. nóvember 2021. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar EBA/GL/2017/09 og EBA/GL/2017/08 við mat á því hvort greiðsluþjónustuveitendur fullnægi kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

Finnur Tryggvi Sigurjónsson
forstöðumaður
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir